



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 68/2020

Fullyrðingar um fimm ára ábyrgð Toyota bifreiða á fésbókarsíðu Bílainnflutnings frá Evrópu

I. Erindið

Með bréfi Toyota á Íslandi hf., dags. 13. september 2019, barst Neytendastofu kvörtun vegna viðskiptahátta Ólafs Bjarnar Ólafssonar, fyrirsvarsmanns fésbókarsíðunnar Bílainnflutningur frá Evrópu. Í upphafi bréfsins er tekið fram að með bréfinu sé lögð fram kvörtun á hendur Ólafi Birni vegna nánar tilgreindra viðskiptahátta.

Í bréfinu segir að Toyota á Íslandi sé innflytjandi Toyota bifreiða og að frá árinu 2010 hafi félagið, fyrst íslenskra bifreiðafyrirtækja hafið að bjóða 5 ára ábyrgð á öllum bifreiðum sem það selur. Frá áramótunum 2018/2019 hafi félagið ákveðið að auka við ábyrgðartímann og bjóði nú 7 ára ábyrgð á seldum nýjum bifreiðum. Þá er tekið fram að verksmiðjuábyrgð Toyota gildi í 3 ár og því hafi félagið frá árinu 2010 keypt viðbótarábyrgð hjá Toyota Motor Europe, fyrst til tveggja ára en nú til fjögurra ára sem geri samtals 7 ára ábyrgð að viðbættum 3 ára verksmiðjuábyrgðartíma. Í bréfinu segir að Toyota á Íslandi greiði þóknun til framleiðanda fyrir þessa auknu ábyrgð.

Í bréfinu segir að Ólafur Björn haldi úti fésbókarsíðunni Bílainnflutningur frá Evrópu og að Toyota á Íslandi hafi nú orðið þess vart að á þeirri síðu séu auglýstar til sölu nýjar og óskráðar Toyota Land Cruiser bifreiðar með 5 ára verksmiðjuábyrgð. Verksmiðjuábyrgð Toyota gildi aðeins í þrjú ár en ekki fimm en þó sé hugsanlegt að ofangreindur söluaðili hafi keypt einhverskonar viðbótarábyrgð sem fylgi bifreiðunum, en slík ábyrgð sé ekki verksmiðjuábyrgð. Framangreint sé því verulega villandi og blekkjandi orðalag.

Ljóst sé að bifreiðarnar séu ekki nýjar heldur hafi þær verið skráðar erlendis áður en þær voru fluttar til Íslands og séu því í þeim skilningi notaðar, þó ekki sé endilega búið að aka þeim, enda hafi allir tímafrestrir er tengist hverri bifreið, svo sem er lýtur að ábyrgð og afskriftum, byrjað að líða við skráningu hennar. Verksmiðjuábyrgð bifreiða gildi frá því tímamarki sem bifreiðin er skráð og því sé ekki hægt að halda því fram að verksmiðjuábyrgðin gildi frá því tímamarki sem bifreiðin sé skráð hér á landi. Þetta geri það að verkum að hluti verksmiðjuábyrgðartímans



sem gefinn sé upp í auglýsingunni (sem ætti að vera 3 ár en ekki 5 ár) sé þá þegar liðinn þegar bifreiðin kemur hingað til lands. Eðlilegt væri að framangreint kæmi fram í auglýsingunni enda nyti neytandinn lakari réttar heldur en þegar um nýjar bifreiðar sé að ræða sem ekki hafi verið skráðar áður. Af framangreindu leiði að umræddar auglýsingar sé rangar og villandi og með þeim fullyrðingum sem fram komi á fésbókarsíðunni Bílainnflutningur frá Evrópu að um nýjar bifreiðar sé að ræða með 5 ára verksmiðjuábyrgð beiti viðkomandi söluaðili vísvitandi viðskiptavini sína blekkingum.

Um skýlaust brot á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sé að ræða. Ljóst sé að viðskiptahættir sem þessir séu óréttmætir og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda, sbr. 8. gr. laganna. Ekki verði séð að Ólafur Björn geti fært sönnur fyrir þeim fullyrðingum sínum að um nýja bíla sé að ræða með 5 ára verksmiðjuábyrgð eins og honum sé skylt að gera samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laganna. Það að halda því fram að um nýjar bifreiðar sé að ræða sem auk þess séu með 5 ára verksmiðjuábyrgð séu verulega villandi viðskiptahættir sem séu líklegir til að blekkja neytendur enda sé neytendum veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti, sbr. meðal annars a., b., c., og g. liðum 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. laganna. Seljandi skuli eftir því sem við á veita upplýsingar um helstu eiginlega vöru eða þjónustu, sbr. a. lið 1. mgr. 10. gr. laganna, og það að geta þess ranglega að um nýjar bifreiðar með 5 ára verksmiðjuábyrgð sé fjarri því að vera í samræmi við fyrirmæli ákvæðisins. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. a. sömu laga sé ábyrgðaryfirlýsing lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem koma fram í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

Í bréfi Toyota á Íslandi er einnig vísað til þess að af ákvæðum laga nr. 48/2003 um neytendakaup megi sjá að lögbundinn réttur neytenda sé að ábyrgðartími byrji að líða frá þeim tímapunkti sem neytandinn veitir söluhlut viðtöku. Framangreind háttsemi brjóti því einnig gegn 2. mgr. 27. gr. þeirra laga þar sem Ólafur Björn geti ekki með einhliða yfirlýsingu stýtt lögákveðinn lágmarksfrest neytenda til að bera fyrir sig galla í þeim tilfellum sem söluhlutum er ætlaður verulega lengri endingartími samkvæmt ákvæðinu.

Að endingu er þess krafist að Neytendastofa grípi til aðgerða samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005. Farið sé fram á að Ólafi Birni verði bannað að auglýsa bifreiðar til sölu á þann hátt sem rakið sé að framan í bréfinu, hvort sem það sé gert á fésbókarsíðunni undir nafninu Bílainnflutningur frá Evrópu eða með öðrum hætti. Þá er farið fram á að lagðar verði stjórnvaldssektir á Ólaf Björn vegna framangreindra brota og að lagðar verði á hann dagsektir fari hann ekki að ákvörðun Neytendastofu.

Meðfylgjandi bréfi Toyota á Íslandi voru tvenn skjáskot af auglýsingu á fésbókarsíðu Bílainnflutnings frá Evrópu, dags. 1. ágúst og 27. ágúst 2019, og útprentun af heimasíðu ja.is.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Toyota á Íslandi var sent Ólafi Birni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. september 2019. Í bréfi Neytendastofu kom fram að stofnunin teldi að ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 kæmi einnig til skoðunar í málinu. Ekkert svar barst Neytendastofu. Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. október 2019, var fyrra bréfið ítrekað. Ekkert svar barst og var bréfið enn ítrekað með bréfi, dags. 18. október 2019, en ekkert svar barst. Með símtali starfsmanns Neytendastofu við Ólaf Björn þann 19. júní 2020 var óskað eftir netfangi þar sem Ólafur Björn gæti tekið við bréfinu. Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. júní 2020, sem sent var sem viðhengi tölvupósts til Ólafs Bjarnar, var erindi Toyota á Íslandi komið á framfæri og óskað eftir skýringum eða athugasemdum. Ekkert svar barst vegna bréfsins og var það ítrekað með bréfi, dags. 31. júlí 2020. Í bréfinu var jafnframt tekið fram að bærast svar ekki innan tilskilins frests mætti búast við að tekin verði ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Svar Ólafs Bjarnar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 24. ágúst 2020. Í bréfinu kemur fram að Ólafur Björn hafi 30 ára reynslu af sölu bifreiða og hafi hann um nokkurt skeið haft með höndum innflutning á bifreiðum frá Evrópu, en bílana selji hann á fésbókarsíðunni Bílainnflutningur frá Evrópu. Við innflutning bifreiðanna frá Evrópu hafi Ólafur Björn nýtt sér þjónustu fyrirtækisins Makina bv. sem staðsett sé í Belgíu. Makina bv. selji nýjar og notaðar bifreiðar til heildsala og bílasala víða um Evrópu. Þegar Ólafur Björn hafi hafið sölu á Toyota bifreiðum hafi hann fengið þær upplýsingar frá Makina að bifreiðunum fylgdi 5 ára verksmiðjuábyrgð. Ólafur Björn hafi því verið í góðri trú um að sú væri raunin þegar auglýsingar vegna bifreiðanna voru birtar. Þegar Ólafi Birni hafi borist bréf Neytendastofu, vegna kvörtunar Toyota á Íslandi, hafi hann haft sambandi við Makina í Belgíu til þess að fá úr því skorið hvort þær upplýsingar sem hann hafði áður fengið væru réttar. Þann 24. júní 2020 hafi Ólafi Birni borist tölvupóstur frá stofnanda Makina þar sem fram komi að Toyota í Belgíu bjóði 5 ára verksmiðjuábyrgð á bifreiðum sem seldar eru í Belgíu og að sú ábyrgð gildi í öllum löndum Evrópusambandsins. Þá taki starfsmaður Makina einnig fram að þeir hafi aðeins orðið varir við það núna að ábyrgðin væri tvískipt, þ.e. fyrstu þrjú árin væru tryggð hjá Toyota Motor Europe en næstu tvö árin væru tryggð hjá Toyota í Belgíu og að sú trygging eigi aðeins við um bifreiðar sem skráðar séu í Belgíu.

Í kjölfar þessara upplýsinga hafi Ólafur Björn breytt þeim auglýsingum sem settar höfðu verið inn á fésbókarsíðuna Bílainnflutningar á Íslandi á þann veg að yfirlýsing um 5 ára verksmiðjuábyrgð hafi verið fjarlægð.

Í bréfinu er því mótmælt að þær bifreiðar sem Ólafur Björn flytji inn séu notaðar í þeim skilningi að þær hafi verið skráðar í Belgíu áður en þær komi til Íslands og ábyrgðartími byrji því að líða. Ólafur Björn hafi flutt inn bifreiðarnar óskráðar til Íslands og þær hafi fengið sína fyrstu skráningu hér á landi. Með hliðsjón af framansögðu sé því mótmælt að Ólafur Björn hafi með



vísvitandi hætti beitt viðskiptavinum sína blekkingum með röngum og villandi upplýsingum í auglýsingum sínum. Ólafur Björn hafi auglýst bifreiðarnar á miðli sínum eftir bestu vitund miðað við fyrirliggjandi upplýsingar á þeim tíma. Þá hafi hann brugðist við samstundis þegar í ljós hafi komið að fyrirliggjandi upplýsingar hafi verið rangar. Í því ljósi sé ekki unnt að fallast á að viðskiptahættir Ólafs Bjarnar hafi verið villandi enda felist það í 9. gr. laga nr. 57/2005, að viðskiptahættir séu villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur með þeim hætti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Viðskiptahættir séu taldir villandi ef upplýsingum sé leynt og þær séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.

Að lokum er tekið fram í bréfinu að þegar hafi verið brugðist við kvörtun Toyota á Íslandi enda hafi auglýsingunum verið breytt þann 23. júní 2020. Með hliðsjón af því sé ekki rétt að leggja stjórnvaldssektir á Ólaf Björn enda hafi hann verið í góðri trú um að auglýsingar hans hafi verið réttar og sannar miðað við fyrirliggjandi upplýsingar á þeim tíma.

Meðfylgjandi bréfinu var tölvupóstur frá stofnanda Makina bv., dags. 24. júní 2020, og tvenn skjáskot af auglýsingum á fésbókarsíðu Bílainnflutnings frá Evrópu.

2.

Bréf Ólafs Bjarnar var sent Toyota á Íslandi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. ágúst 2020. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 3. september 2020. Í bréfinu segir að Ólafi Birni geti ekki hafa leynst að þegar hann skráði bifreiðarnar hér á landi að þær hafi ekki verið skráðar sem nýjar heldur sem notaðar. Jafnframt er það ítrekað að sú háttsemi að auglýsa bifreiðar með 5 ára ábyrgð um langt skeið, þrátt fyrir ábendingar um að ábyrgðin sé eingöngu 3 ár, og að viðskiptavinum sé ekki greint frá því né heldur að í raun kunni að vera liðið á 3 ára ábyrgðartímann þegar þeir festa kaup á bifreiðunum, séu ekki eðlilegir viðskiptahættir.

Í bréfinu kemur einnig fram að til Toyota á Íslandi, sem sé með samning við Toyota Motor Europe um sölu og þjónustu við eigendur Toyota og Lexus bifreiða á Íslandi, hafi leitað viðskiptavinir sem standa í þeirri trú að bifreið þeirra sé í 5 ára ábyrgð og hafa ekki haft hugmynd um að ábyrgðartíminn sé einungis 3 ár og þaðan af síður áttað sig á því að upphaf ábyrgðartíma miðist ekki við kaup þeirra á bifreiðinni þar sem bifreiðin hafi verið nýskráð í öðru landi áður en hún er skráð hér á landi, þá sem notuð bifreið.

Í lok bréfsins er auk þeirrar kröfu sem sett var fram í upphaflegri kvörtun Toyota á Íslandi einnig krafist að Ólafi Birni verði gert að birta, með sannanlegum hætti, yfirlýsingu til viðskiptavina sinna sem keypt hafa af honum Toyota bifreiðar, þar sem leiðréttar verði þær röngu fullyrðingar sem hann kunni að hafa kynnt fyrir viðskiptavinum sínum er lýtur að ábyrgðartíma bifreiðanna.

Meðfylgjandi bréfinu fylgdi yfirlit yfir skráningar fjögurra bifreiða sem fluttar voru inn og seldar af Ólafi Birni.



3.

Bréf Toyota á Íslandi var sent Ólafi Birni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. september 2020. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 9. október 2020. Í bréfinu er því mótmælt að viðskiptavinir Ólafs Bjarnar hafi verið grandlausir um að upphafstími ábyrgðartíma miði ekki við kaup þeirra á viðkomandi bifreið. Í öllum þeim bifreiðum sem Ólafur Björn hafi selt megi finna þjónustubók í hanskahólfi bifreiðar þar sem komi skýrt fram hvenær bifreiðin var skráð í Belgíu og hvenær bifreiðin var seld hér á landi. Ólafur Björn kveðst sannarlega hafa kynnt það fyrir viðskiptavinum sínum að upphaf ábyrgðartíma miði við þá dagsetningu sem fram komi í þjónustubók um nýskráningu bifreiðanna hér á landi. Ítrekað sé að þrátt fyrir skráningu bifreiðanna í Belgíu þá hafi þeir ekki farið á númer eða neitt slíkt, og teljast bílarnir því nýir þegar þeir eru fyrst skráðir á Íslandi, öfugt við það sem Toyota á Íslandi haldir fram. Bent sé á það að þær fjórar bifreiðar sem listaðar eru upp í bréfi Toyota á Íslandi, séu allar enn í ábyrgð og að jafnvel þótt fallast megi á að ábyrgðartími bifreiðanna hafi byrjað að líða frá því þær voru skráðar í Belgíu sé ljóst að ábyrgðartími bifreiðanna sé ekki liðinn. Það sé því vandséð hvers vegna Toyota á Íslandi haldi því fram að viðskiptavinir hafi leitað til þeirra með bifreiðar þar sem ábyrgðartími hafi verið liðinn.

Í lok bréfsins er vísað til þess, er lýtur að viðbótarkröfu Toyota á Íslandi að Ólafi Birni verði gert að birta yfirlýsingu til viðskiptavina sinna þar sem rangar fullyrðingar verði leiðréttar, að Ólafur Björn hafi þegar upplýst viðskiptavinum sína um upphafstíma ábyrgðar þegar viðskiptin fóru fram.

4.

Bréf Ólafs Bjarnar var sent Toyota á Íslandi til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. október 2020. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Toyota á Íslandi hf. yfir viðskiptaháttum Ólafs Bjarnar Ólafssonar, fyrirsvarsmanns fésbókarsíðunnar Bílainnflutningur frá Evrópu, í tengslum við auglýsingar og sölu á Toyota Land Cruiser bifreiðum. Lýtur kvörtunin að því að Ólafur Björn auglýsi til sölu nýjar og óskráðar bifreiðar með 5 ára verksmiðjuábyrgð án þess að bifreiðarnar séu nýjar og innifalin sé 5 ára verksmiðjuábyrgð. Telur Toyota á Íslandi að umræddir viðskiptahættir Ólafs Bjarnar brjóti gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a., b., c. og g. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og a. liðar 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. 16. gr. a, sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ákvæðum 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, um neytendakaup.



Í svörum Ólafs Bjarnar hefur komið fram að hann hafi verið í góðri trú um að þær bifreiðar sem hann hafi auglýst til sölu og selt viðskiptavinum sínum hafi borið 5 ára verksmiðjuábyrgð. Þegar honum hafi orðið ljóst að verksmiðjuábyrgðin sé einungis 3 ár, hafi hann breytt auglýsingum sínum og tekið út vísun í 5 ára verksmiðjuábyrgð. Þá mótmælir Ólafur Björn að bifreiðarnar séu ekki nýjar þegar þær eru skráðar hér á landi þrátt fyrir að hafa áður verið skráðar í Belgíu enda hafi bifreiðarnar ekki farið á skráningarnúmer í Belgíu.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og eru a., b., c. og g. liðir svohljóðandi:

*„a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,*



*c. þjónustu við viðskiptavinum, meðferð kvartana, dagsetningu framleiðslu eða aðferð við framleiðslu, [...]
g. lögbundin réttindi neytenda.“*

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna skal fyrirtæki sem hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, meðal annars veita upplýsingar um:

„a. helstu eiginleika vörunnar eða þjónustunnar.“

Í 2. mgr. 16. gr. a. laga laganna segir:

„Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.“

3.

Af gögnum málsins verður ráðið að Ólafur Björn hefur selt bifreiðar í gegnum fésbókarsíðuna Bílainsflutningur frá Evrópu, sem auglýstar hafa verið með 5 ára verksmiðjuábyrgð, þrátt fyrir að ljóst sé að bifreiðarnar hafi einungis verið með 3 ára verksmiðjuábyrgð. Ólafur Björn hefur viðurkennt að umræddar auglýsingar hafi verið byggðar á röngum upplýsingum og því hafi bifreiðarnar aldrei verið með 5 ára verksmiðjuábyrgð en hann hafi hins vegar verið í góðri trú um ábyrgðartíma bifreiðanna. Gera verður þá kröfu til þeirra sem hafa atvinnu af sölu bifreiða hér á landi að þeir gangi úr skugga um réttan ábyrgðartíma seldra bifreiða, t.d. með skriflegri yfirlýsingu framleiðanda eða ábyrgðaraðila. Að framangreindu virtu er það mat Neytendastofu að Ólafur Björn hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með auglýsingum um 5 ára verksmiðjuábyrgð seldra bifreiða.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, skal eigandi og innflytjandi eða eftir atvikum innlendir framleiðandi óska eftir nýskráningu ökutækis. Samkvæmt verklagsreglum Samgöngustofu um skráningu í ökutækjaskrá og útgáfu skráningarskírteinis, er tekur til aldurs ökutækja, er almennt fyrsti skráningardagur ökutækis



látinn gilda sem aldursviðmiðun ökutækja. Þegar ökutæki er skráð sem nýtt hér á landi er það því nýskráningardagur hér á landi sem gildir sem fyrsti skráningardagur. Ef ökutæki er skráð notað hér á landi eru upplýsingar um fyrsta skráningardag ökutækis sóttar í erlent skráningarskírteini. Ef ekki eru til upplýsingar um fyrsta skráningardag notaðra ökutækja, eru skráðar upplýsingar um framleiðsludag ökutækisins. Í svörum Ólafs Bjarnar hefur komið fram að í öllum þeim bifreiðum sem Ólafur Björn hefur selt viðskiptavinum sínum sé að finna þjónustubók þar sem skýrt komi fram hvenær bifreiðin hafi verið skráð í Belgíu og hvenær bifreiðin var seld hér á landi. Það er mat Neytendastofu, með hliðsjón af verklagsreglum Samgöngustofu um skráningu í ökutækjaskrá og útgáfu skráningarskírteinis, að bifreiðarnar geti ekki verið óskráðar líkt og haldið er fram í auglýsingum á fésbókarsíðu Bílainnflutningur frá Evrópu þar sem bifreiðarnar eru fyrst skráðar í Belgíu. Aftur á móti er það mat Neytendastofu að bifreið geti talist ný þrátt fyrir að hafa áður verið skráð erlendis. Telur stofnunin að hinn almenni neytandi tengi fremur raunverulega notkun og framleiðsluár við það hvað ný bifreið sé fremur en hvort bifreið sé skráð erlendis og síðan flutt til landsins eða flutt til landsins og svo skráð.

Ólafur Björn hefur ekki getað fært sönnur á að fullyrðingar í auglýsingum hans séu sannar og viðurkennt að hluta að þær hafi verið byggðar á röngum upplýsingum. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar sem fram koma í umræddum auglýsingum séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið og séu því villandi. Þá eru upplýsingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Ólafur Björn Ólafsson hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a., b., c. og g. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., a. liðar 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 16. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að auglýsa nýjar og óskráðar Toyota Land Cruiser bifreiðar til sölu á fésbókarsíðunni Bílainnflutningur frá Evrópu. Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Ólafi Birni Ólafssyni að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Er lýtur að kröfu Toyota á Íslandi um að Ólafi Birni verði gert að birta, með sannanlegum hætti, yfirlýsingu til viðskiptavinna sinna sem keypt hafa af honum Toyota bifreiðar þar sem leiðréttar verða þær röngu fullyrðingar er lúta að ábyrgðartíma bifreiðanna, er það mat Neytendastofu að neytendur hafi ríka hagsmuni af því að fá vitneskju um raunverulegan ábyrgðartíma keyptrar bifreiða. Með tilliti til þess að mál þetta snýr að markaðssetningu Ólafs Bjarnar en ekki skilmálum einstaka samninga og Ólafur Björn hefur breytt auglýsingum sínum á þann veg að ekki er lengur vísað til 5 ára verksmiðjuábyrgðar og jafnframt að teknu tilliti til þess að ákvörðun Neytendastofu verður birt opinberlega er það mat Neytendastofu að ekki sé tilefni til að kveða á um yfirlýsingu vegna málsins.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Ólafur Björn Ólafsson, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 8. gr., a., b. og c. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., a. liðar 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 16. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ákvæðum 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, um neytendakaup, með því að auglýsa nýjar og óskráðar Toyota Land Cruiser bifreiðar með 5 ára verksmiðjuábyrgð til sölu á fésbókarsíðunni BÍlainnflutningur frá Evrópu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Ólafi Birni Ólafssyni bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 28. desember 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir